

Samstarfshópur um þjóðgarð á Vestfjörðum

Þriðji fundur samstarfshóps (fundað á Teams) – 10. nóvember 2020. Fundur hófst kl. 10:00.

Fundinn sátu: Birgir Gunnarsson f.h. Ísafjarðarbæjar, Freyja Pétursdóttir og Edda Kristín Eiríksdóttir f.h. Umhverfisstofnunar, Rebekka Hilmarsdóttir f.h. Vesturbyggðar, Rúnar Leifsson f.h. mennta- og menningarmálaráðuneytis, Sigurður Örn Þorleifsson f.h. forsætisráðuneytis, Steinar Kaldal f.h. umhverfis- og auðlindaráðuneytis, Þuríður Yngvadóttir f.h. Landgræðslusjóðs.

Þetta gerðist:

1. Friðlýsingarskilmálar þegar friðaðra svæða

Innan þess svæði svæðis sem áform standa til að gera að þjóðgarði eru nú þegar nokkur friðlýst svæði. Þau eru friðlandið í Vatnsfirði og náttúruvættið Surtarbrandsgil sem eru í landi Brjánslækjar og náttúruvættið Dynjandi. Farið var yfir þá friðlýsingarskilmála sem um þessi svæði gilda í dag og rætt um að við gerð friðlýsingarskilmála fyrir áformaðan þjóðgarð þyrfti að skoða þessa skilmála og mögulega uppfæra þá/sameina í skilmála fyrir þjóðgarð.

2. Vinna við ferð friðlýsingarskilmála

Farið var yfir hvernig vinnuferlið við gerð friðlýsingarskilmála mun verða hjá hópnum.

3. Nafnatillögur

Farið var yfir innkomnar tillögur að nafni fyrir þjóðgarðinn. Von er á fleiri tillögum í ljósi þess að áform hafa nýverið verið kynnt og tímabili til að skila inn tillögum lýkur ekki fyrr en í byrjun janúar 2020. Rætt um að nefndin þyrfti að huga að því hvernig yrði staðið að vali á nafni.

4. Önnur mál

Rætt var um mikilvægi áframhaldandi upplýsingagjafar. Heimasíða tileinkuð verkefninu hefur fengið góð viðbrögð, og nefnt var að á komandi vikum þyrfti að halda rafrænan upplýsingafund um verkefnið. Auk þess var nefnt að vonandi væri einnig hægt að halda fund á Vestfjörðum í byrjun næsta árs.

Rætt var um aflagðan veg á Dynjandisheiði og mögulega nýtingu hans í samhengi við útivist í áformuðum þjóðgarði.

Rætt var um samspil áformaðs þjóðgarðs við lög um vernd Breiðafjarðar.

Fleira gerðist ekki og fundi lauk kl. 10:45.